

Nd.

767. Breytingartillögur

[199. mál]

við frv. til laga um innflutning búfjár.

Frá 3. minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Bannað er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt, þar með taldir fuglar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Ef einhver gerist til þess að brjóta ákvæði 1. gr. og flytur inn dýr, þá skulu slík dýr drepin tafarlaust og skrokkarnir brenndir.
3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
Brot gegn lögum þessum varða sektum, 10—100 þúsund krónum. Berist sjúkdómar til landsins af slíkum lögbrotum, varðar það þann eða þá, er að því eru valdir, stöðumissi og fangelsi, ef miklar sakir eru.
4. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 15 frá 1948.
5. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
6. 6.—23. gr., að háðum meðtöldum, falli burt.
7. Fyrirsögn frumvarpsins verði svo:
Frumvarp til laga um bann gegn innflutningi erlendra dýra.